132 26. ágúst. leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn finni enga ástæðu til að veita umræddri bœnarskrá áheyrslu.

133 30. ágúst. — *Ágrip af brjefi* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu um* hreppsnefndar kosningu. — Eptir að það með dómsmálastjórnarbrjefi frá 16 apríl 1873 hafði verið ákveðið, að hin nýju sveitarstjórnarlög skyldu fá fullt gildi vorið 1875, fóru hreppsnefndar kosningar fram í Vesturlandeyjahrepp eins og annarsstaðar vorið 1874. 3 árum eptir að hreppsnefndirnar vorið 1875 höfðu tekið til starfa, eða vorið 1878 fóru fram nýar kosningar á meiri hluta hreppsnefndarmanna; en þegar síðast liðið vor 1880 6 ár voru liðin, síðan minni hluti hreppsnefndarinnar hafði verið kosinn, ljet oddviti hreppsnefndarinnar í Vesturlandeyjahreppi fara fram nýja kosningu á 3 hreppsnefndarmönnum. Þessa kosningu ónýtti sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu með úrskurði frá 21. júní þ. á. og lagði fyrir, að hreppsnefndarmenn þeir, sem voru í nefndinni, áður en kosningin fór fram, ættu að halda áfram að gegna nefndarstörfum sínum þangað til vorið 1881, er 6 ár voru liðin frá vordögum 1875, er hreppsnefndirnar höfðu tekið til starfa, og staðfesti landshöfðingi þennan sýslumannsúrskurð, eptir að amtmaður s. d. (30. ágúst) hafði sent hann landshöfðingja samkvæmt 27. grein tilskipunar um sveitarstjórn frá 4. maí 1872.

134 31. ágúst. — *Brjef* landshöfðingja *til biskups um* uppbót á prestakalli. — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefi frá í gær leggst hjermeð 200 króna uppbót sú, sem í brjefi mínu frá 7. apríl þ. á. var ætluð Sandaprestakalli í Dýrafirði með því skilyrði, að það yrði veitt fyrir 31. ágúst þ. á., til Garpsdals prestakalls í Barðastrandarsýslu fyrir yfirstandandi fardagaár, og veitist biskupinum hjer með fullt vald til að setja prestinn á Stað, síra Ólaf prófast Johnsen, til að þjóna nefndu prestakalli, meðan það er prestslaust.

135 14. sept. — *Ágrip af brjefi* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* styrk handa barnaskóla. — Hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi hafði veitt Thorchillii barnaskóla á Vatnsleysuströnd 200 kr. hvort árið um sig 1880 og 1881. Fyrir því veitti landshöfðingi tjeðum skóla 200 kr. styrk um árið 1880 af fje því, er getur um í 12. gr. C. 7. fjárlaganna.

136 14. sept. — *Skipun* landshöfðingja *til landfógeta um* þóknun handa sálmabókarnefndinni. — Biskup hafði skýrt landshöfðingja frá, að nefnd sú, er sett hafði verið til að endurskoða sálmabókina, hefði síðan seint í næstliðnum mánuði átt með sjer daglega fundi og að þeir 4 nefndarmenn, sem ekki ættu heima hjer í bœnum, prófastur sira Björn Halldórsson frá Laufási og prestarnir síra Páll Jónsson frá Viðvík, síra Stefán Thorarensen frá Kálfatjörn og síra Valdimar Briem frá Hrepphólum, hefðu óskað eptir því, að sjer yrði borgaður úr almennings sjóði sá beinlínis kostnaður, er þeir hefðu haft við að sœkja fundi þessa, og sem myndi hlaupa um 700 kr., en upp í þetta hefði hið íslenzka biblíufjelag veitt 300 kr. Fór nú biskup þess á leit, að þær 400 kr., sem eptir yrðu, væru veittar úr landssjóði. Landshöfðingi veitti það, sem þannig hafði verið beðið um, og